

## Minnisblað

### 1612120 - Barnvænt samfélag

Undirbúningur að innleiðingu verkefnisins Barnvænt samfélag hefur átt sér nokkurn aðdraganda. Framkvæmdastjóri UNICEF kynnti verkefnið á fundi bæjarráðs vorið 2017 og samþykkti bæjarráð að skipa stýrihóp sem hefði umsjón með verkefninu. Í minnisblaði frá sviðsstjórum mennta- og lýðheilsusviðs, stjórnarsýslusviðs og fjölskyldu- og barnamálasviðs frá því í apríl 2018 kemur fram að næstu skref séu að tryggja fjármagn til verkefnisins, skipa stýrihóp og ráða verkefnastjóra sem vinnur með stýrihópnum. Hafnarfjarðarbær muni síðan standa fyrir viðburði þar sem yfirlýsing um samstarfið er undirritað og verkefnið kynnt.

Á fundi bæjarráðs þann 17. maí 2018 var fyrirliggjandi erindisbréf stýrihópsins samþykkt. Athugasemdir bárust frá UNICEF varðandi erindisbréfið og er bent á að gert sé ráð fyrir einum fulltrúa úr bæjarráði og svo fulltrúum frá nefnum bæjarins. UNICEF mælir alltaf með því að gætt sé að því að í stýrihópnum séu bæði fulltrúar minni- og meirihluta og gæti því verið heppilegt að hafa tvo fulltrúa úr bæjarráði í stýrihópnum. Hins vegar ef fulltrúarnir sem eru tilnefndir úr nefndunum eru frá minni- og meirihluta þá ætti þess ekki að þurfa. Með þessu sé tryggt að þverpólitískur stuðningur sé fyrir verkefninu. UNICEF mælir einnig með að fjölga fulltrúum yngri kynslóðarinnar í stýrihópnum og bjóða a.m.k. tveimur ungmennum til viðbótar að taka þátt í stýrihópnum. Taka þarf afstöðu til þessara ábendinga UNICEF. Einnig þarf að bæta við fulltrúa frá þjónustu- og þróunarsviði.

Í mars 2019 skrifaði bæjarstjóri og framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi undir samkomulag þar sem því er lýst yfir að gengið verði til samstarfs um framkvæmd verkefnisins barnvæn sveitarfélög. Verkefnið felst í því að Hafnarfjarðarbær innleiði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna samkvæmt hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga sem UNICEF og umboðsmaður barna hafa þróað. Framkvæmd verkefnisins er í höndum Hafnarfjarðarbæjar með reglulegum og vel tilgreindum stuðningi UNICEF í formi fræðslu og ráðgjafar. Samhliða innleiðingunni mun Hafnarfjarðarbær vinna að þróunarverkefni í tenglum við réttindi barna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi.

Hafin er vinna á fjölskyldu- og barnamálasviði varðandi stuðning við börn á flóttu. UNICEF hefur haft aðkomu að verkefninu auk starfsfólks frá mennta- og lýðheilsusviði. Verkefnið felst í því að auka lífsgæði ungmennanna og vinna með þeim að ýmsum verkefnum og athöfnum sem nýtast þeim í lífi og starfi. Ánægjulegt að segja frá því að félagsmálaráðuneytið veitti styrk nú nýverið, kr. 4 milljónir í verkefnið.

Á fundi fjölskylduráðs þann 13. september 2019 var bókað að ráðið telji mikilvægt að verkefnið Barnvænt samfélag verði undir yfirumsjón fjölskyldu- og barnamálasviðs. Ekki hefur farið fram formleg afgreiðsla í bæjarráði á því fyrirkomulagi.

Á fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 var ekki gert ráð fyrir fjármagni til að ráða verkefnastjóra til verkefnisins en óneitanlega er hér um viðamikið verkefni að ræða. Verið er að leita leiða á fjölskyldu- og barnamálasviði þannig að hægt verið að fylgja verkefninu úr hlaði. Mikilvægt er að stýrihópurinn sé skipaður og kallaður saman til fyrsta fundar. Einnig er þörf á góðri kynningu á Barnvænu samfélagi bæði fyrir starfsfólk og ekki síður fyrir íbúa sveitarfélagsins. Nú þegar hefur verið ákveðið að á stjórnendafundi í apríl verði kynning frá UNICEF á verkefninu Barnvænu samfélagi.

- Taka þarf afstöðu til breytinga á erindibréfi stýrihóps þ.e.a.s. hvað varðar fjölgun ungmenna, fulltrúa frá þjónustu- og þróunarsviði og þess sé gætt að fulltrúar séu bæði frá meiri- og minnihluta,
- Þegar og ef erindisbréfinu verður breytt liggur fyrir að kalla þarf eftir fulltrúum í hópinn.
- Boða þarf fyrsta fund stýrihópsins.
- Taka þarf afstöðu til bókunar fjölskylduráðs varðandi yfirumsjón fjölskyldu- og barnamálasviðs á verkefninu.

---

Rannveig Einarsdóttir  
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs